

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1****2021/EES/55/03****frá 30. september 2014**

**um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir reglubundna skýrslugjöf um gjöld sem lánshæfismatsfyrirtæki innheimta innan ramma viðvarandi eftirlits Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (1), einkum þriðju undirgrein 4. mgr. a 21. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 3. mgr. 11. gr. og 2. lið II. hluta E-þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1060/2009 eru lánshæfismatsfyrirtæki krafín um að láta Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni árlega í té skrárnar yfir gjöldin sem þau innheimta af viðskiptavinum fyrir stök lánshæfismöt og aðra hliðarstarfsemi, sem og verðstefnu sína, þ.m.t. skipulag gjalda og viðmiðanir verðlagningar í tengslum við mismunandi eignaflokka. Mikilvægt er að kveða á um tæknileg atriði varðandi efni sem tilkynna skal um og sniðið sem lánshæfismatsfyrirtæki nota til að fara að skuldbindingum sínum og til að auðvelda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni að beita heimildum sínum til áframhaldandi eftirlits.
- 2) Til að draga úr hagsmunaárekstrum og greiða fyrir sanngjarnri samkeppni á lánshæfismatsmarkaðnum ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að tryggja að verðstefnur, verklagsreglur og endanleg gjöld, sem lánshæfismatsfyrirtæki innheimta af viðskiptavinum, leiði ekki til mismununar. Hægt ætti að vera að réttlæta mismunandi gjöld sem innheimt eru fyrir sömu tegund þjónustu með mismuni á raunverulegum kostnaði við að veita mismunandi viðskiptavinum þjónustuna. Enn fremur ættu gjöld vegna lánshæfismatsþjónustu, sem veitt er tilteknum útgefanda, ekki að vera háð niðurstöðu eða afrakstri vinnunnar.
- 3) Upplýsingarnar um gjöld, sem skráð lánshæfismatsfyrirtæki eiga að leggja fram, ættu að gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni kleift að auðkenna lánshæfismöt sem myndu þurfa frekari athugunar við og hugsanlega frekari framhaldsaðgerðir í eftirliti. Svipuð gjöld ætti að innheimta fyrir lánshæfismöt og hliðarstarfsemi af svipuðum toga, mismunur á gjaldtökustigi er þá réttlættur á grundvelli mismunandi kostnaðar. Upplýsingarnar sem safnað er ættu að gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni kleift að auðkenna sambærilega þjónustu og þar með viðkomandi gjöld fyrir hvert skráð lánshæfismatsfyrirtæki sérstaklega og greina þannig veruleg frávik í innheimtum gjöldum. Í kjölfarið getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin framkvæmt rannsóknir til að staðfesta að slík gjöld séu innheimt samkvæmt löglegri verðstefnu og ferlum og að mismunur á gjaldtökustigi, sem er byggður á mismuni á kostnaði, sé í samræmi við meginregluna um sanngjarna samkeppni, komi ekki til vegna hagsmunaárekstra og sé ekki byggður á niðurstöðum eða afrakstri vinnunnar.
- 4) Tilkynna skal verðstefnur og verklagsreglur fyrir hverja hæfismatstegund. Í skýrslugjafarskyni og til að greina með skýrum hætti á milli sérhverrar verðstefnu og verklagsreglu og viðkomandi uppfærslna þeirra ætti hver útgáfa af verðstefnu ásamt meðfylgjandi gjaldskrá, gjaldaáætlunum og verklagsreglum að hafa auðkennisnúmer. Hvað annað

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 2, 6.1.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/2018 frá 10. júlí 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1.

varðar ættu verðstefnur að taka til skipulags á gjöldum eða gjaldskrár ásamt verðlagsviðmiðunum sem einstaklingurinn, eða einstaklingarnir sem semja um gjöldin sem lögð eru á fyrir hvert lánshæfismat, geta framfylgt. Í verðstefnum ætti einnig að felast tíðniáætlun eða aðrar gjaldtökuáætlanir sem metna einingin eða áskrifandinn getur hlotið ávinning af með tilliti til mismunandi gjalda fyrir stakt hæfismat eða mörg lánshæfismöt. Lánshæfismatsfyrirtæki ættu að skrá öll tilvik þegar vikið hefur verið frá verðstefnum, gjaldskrár, gjaldaáætlunum og verklagsreglum og jafnframt öll einstök frávik frá verðstefnunni eins og henni er beitt í tengslum við hvert lánshæfismat með skýrri auðkenningu á viðeigandi lánshæfismati.

- 5) Skráð lánshæfismatsfyrirtæki sem eru hluti af samstæðu ættu annaðhvort að geta gefið skýrslu um matsgögn hvert fyrir sig til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eða veitt öðru fyrirtæki innan samstæðunnar umboð til að gefa skýrslu fyrir hönd allra aðila samstæðunnar sem falla undir kröfuna um skýrslugjöf.
- 6) „Samsett skuldabréfaútgáfa“ og „skuldabréfaútgáfa“ ættu, í þessari reglugerð, að fela í sér fjármálagerninga eða aðrar eignir sem hlotist hafa af verðbréfun viðskipta eða áætlun sem um getur í 61. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 <sup>(1)</sup>.
- 7) Til að gera skráðum lánshæfismatsfyrirtækjum kleift að þróa hentug kerfi og verklagsreglur sem eru í samræmi við tækniforskriftarinnar sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin kveður á um og til að tryggja fullnægjandi og rétta skýrslugjöf um gögn um gjaldtöku ættu skráð lánshæfismatsfyrirtæki að gefa fyrstu skýrslu um einstakar gjaldtökuupplýsingar níu mánuðum eftir að reglugerð þessi hefur öðlast gildi. Fyrsta skýrslan ætti að taka til gjaldtökuupplýsinga frá og með gildistöku þessarar reglugerðar. Ekki ætti að túlka slíkar skuldbindingar þannig að skráð lánshæfismatsfyrirtæki losni við þá skuldbindingu að afhenda reglulega upplýsingar um gjöld, í samræmi við 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1060/2009, á millibilstímabilinu.
- 8) Kveða ætti á um verðstefnur og verklagsreglur á áframhaldandi grundvelli til að tilkynnt sé um efnislegar breytingar án ótilhlýðilegrar tafar eftir samþykkt þeirra og eigi síðar en 30 dögum frá framkvæmd þeirra. Taka ætti saman upplýsingarnar sem á að senda á stöðluðu formi til að gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni kleift að taka við og vinna skrárnar sjálfvirk í innri kerfum sínum. Vegna tæknilegra vandamála og tækniframfara í tímans rás gæti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin þurft að uppfæra og upplýsa, með sérstökum tilmælum eða viðmiðunarreglum, um ýmis tæknileg skýrslugjafarfyrirmæli um sendingu eða form skráanna sem skráðum lánshæfismatsfyrirtækjum ber að senda.
- 9) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að hafa heimild til, þegar lánshæfismatsfyrirtæki hlítir ekki skýrslugjafarkröfum sínum, að krefjast upplýsinganna með því að gefa út ákvörðun skv. 3. mgr. 23. gr. b. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 eða grípa til annarra ráðstafana til rannsóknar.
- 10) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(2)</sup>.
- 11) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álit hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Almennar meginreglur

1. Skráð lánshæfismatsfyrirtæki skulu leggja fram eftirfarandi tegundir skýrslna til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar:

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- a) verðstefnur og verklagsreglur, eins og sett er fram í 2. gr.,
  - b) gjaldtökuupplýsingar fyrir lánshæfismatsstarfsemi samkvæmt þeirri aðferð að útgefandinn greiði eins og sett er fram í 1. mgr. 3. gr.,
  - c) gjaldtökuupplýsingar fyrir lánshæfismatsstarfsemi samkvæmt þeirri aðferð að áskrifandinn eða fjárfestirinn greiði eins og sett er fram í 2. mgr. 3. gr.,
2. Skráð lánshæfismatsfyrirtæki skulu tryggja nákvæmni og heildstæðni upplýsinganna og gagnanna sem Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er tilkynnt um.

3. Fyrir samstæður lánshæfismatsfyrirtækja er aðilum hverrar samstæðu heimilt að veita einum aðila samstæðunnar umboð til að leggja fram skýrslurnar, sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð, fyrir þeirra hönd. Tilgreina skal sérhvert lánshæfismatsfyrirtæki sem slík skýrsla er lögð fram fyrir í gögnunum sem send eru til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

2. gr.

### Verðstefnur og verklagsreglur

1. Skráð lánshæfismatsfyrirtæki skulu afhenda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni verðstefnur sínar, fyrirkomulag gjaldtöku eða gjaldskrár og viðmiðanir fyrir verðlagningu í tengslum við þessar metnu einingar eða fjármálagerninga sem þær hafa gefið út lánshæfismat fyrir og, þegar við á, verðstefnur varðandi hliðarstarfsemi.
2. Skráð lánshæfismatsfyrirtæki skulu tryggja að hver tegund af lánshæfismati sem boðið er innihaldi verðstefnur eða henni fylgi eftirfarandi þættir:
  - a) heiti ábyrgðaraðila með samþykki og viðhaldi á verðstefnum, gjaldskrár og/eða gjaldaáætlunum, þ.m.t. þeim sem bera ábyrgð á að ákveða gjaldtöku, innra auðkenni, hlutverk og innri deild sem aðilarnir tilheyra,
  - b) innri viðmiðunarreglur um beitingu verðlagsviðmiðana í verðstefnunum, gjaldskrár og/eða gjaldaáætlunum varðandi ákvörðun um einstök gjöld,
  - c) ítarleg lýsing á gjaldabili eða gjaldskrár og þeim viðmiðunum sem gilda fyrir mismunandi tegundir gjalda, þ.m.t. þeim sem kveðið er á um í gjaldskránum,
  - d) ítarleg lýsing á gjaldaáætlunum, þ.m.t. tengslaáætlun, notkunartíðniáætlun, tryggðaráætlun eða önnur áætlun og að meðtöldum viðmiðunum um notkunarvið og gjaldabil sem hljóta má ávinning af við einstök lánshæfismöt eða röð hæfismata í gjaldaskilmálum,
  - e) eftir atvikum, verðstefnur og reglur sem notast á við þegar samskipti eða tengsl eru milli innheimtra gjalda fyrir lánshæfismatsþjónustu og hliðarstarfsemi eða annarrar þjónustu sem lánshæfismatsfyrirtæki eða/og önnur fyrirtæki sem tilheyra samstæðu lánshæfismatsfyrirtækisins, í skilningi 1. og 2. gr. tilskipunar ráðsins 83/349/EBE <sup>(1)</sup>, lætur viðskiptavininum í té, í skilningi annarrar undirgreinar 2. liðar II. hluta E-bálks I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 (viðskiptavinur), og einnig eining sem tengist lánshæfismatsfyrirtækinu eða öðru fyrirtæki í samstæðu lánshæfismatsfyrirtækisins með tengslum í skilningi 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE,
  - f) landsvæði gildandi verðstefnu, gjaldskrá eða gjaldaáætlunar með tilliti til staðsetningar viðskiptavinnanna og lánshæfismatsfyrirtækisins eða -fyrirtækjanna sem nota verðstefnuna, gjaldskrána eða gjaldaáætlunina,
  - g) heiti aðilanna, sem hafa heimild til að setja fram gjöld og önnur verð samkvæmt viðkomandi verðstefnu, gjaldskrár eða gjaldaáætlun, þ.m.t. þeirra sem bera ábyrgð á að ákveða gjaldtöku, innra auðkenni, hlutverk og innri deild sem aðilarnir tilheyra.
3. Skráð lánshæfismatsfyrirtæki skulu tryggja að verðlagsreglur innihaldi eða þeim fylgi eftirfarandi þættir:
  - a) heiti ábyrgðaraðila með samþykki og viðhaldi á verklagsreglunum fyrir framkvæmd verðstefnu, þ.m.t. þeim sem bera ábyrgð á að ákveða gjaldtöku, innra auðkenni, hlutverk og innri deild sem aðilarnir tilheyra,

(1) Sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans (Stjttíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1).

- b) ítarleg lýsing á verklagsreglunum og stjórnartækjunum sem eru fyrir hendi til að tryggja og fylgjast með að farið sé nákvæmlega eftir verðstefnunni,
- c) ítarleg lýsing á verklagsreglunum sem eru fyrir hendi til að lækka gjöld eða með öðrum hætti víkja frá gjaldskrá og gjaldaáætlunum,
- d) heiti ábyrgðaraðila sem bera beina ábyrgð á eftirliti með beitingu verðstefnunnar á einstök gjöld, þ.m.t. innra auðkenni, hlutverk og innri deild sem aðilarnir tilheyra,
- e) heiti ábyrgðaraðila sem bera beina ábyrgð á því að tryggja að stök gjöld séu í samræmi við verðstefnu, þ.m.t. innra auðkenni, hlutverk og innri deild sem aðilarnir tilheyra,
- f) ítarleg lýsing á þeim aðgerðum sem gripið verður til ef vikið er frá verðstefnum, gjaldskrá, gjaldaáætlunum og verklagsreglum,
- g) ítarleg lýsing á tilhögun skýrslugjafar til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar vegna brota á verðstefnum eða verklagsreglum sem kunna að hafa hlotist af broti á 3. lið c í B-bálki I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1060/2009.

3. gr.

### **Skrá yfir gjöld sem innheimt eru hjá hverjum viðskiptavini**

1. Skráð lánshæfismatsfyrirtæki sem láta í té lánshæfismöt samkvæmt þeirri aðferð að útgefandinn greiði, skulu afhenda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni upplýsingar um gjöldin sem innheimt eru fyrir stök lánshæfismöt og sérhverja hliðarstarfsemi, fyrir hvern lögaðila sem og sameinuð fyrir hverja fyrirtækjasamstæðu.
2. Skráð lánshæfismatsfyrirtæki sem láta í té lánshæfismöt samkvæmt þeirri aðferð að áskrifandinn eða fjárfestirinn greiði, skulu afhenda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, fyrir hvern viðskiptavin, heildargjöld sem innheimt eru vegna slíkrar þjónustu sem og fyrir hliðarstarfsemi sem innt er af hendi.
3. Skráð lánshæfismatsfyrirtæki skulu skrá öll frávik frá verðstefnum eða verðlagsreglum eða frávik frá notkun verðstefnu, gjaldskráa eða gjaldaáætlunar eða verðlagsreglna í tengslum við mat og tilgreina á skýran hátt mikilvægustu ástæður fyrir þessu frávik og viðkomandi staka mati á því formi sem sýnt er í töflu 1 í II. viðauka. Gera skal skrár þessar aðgengilegar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni án tafar, óski hún eftir þeim.

4. gr.

### **Lánsmatstegundir**

Skráð lánshæfismatsfyrirtæki skulu flokka möt sem tilkynna á um í samræmi við tegundirnar sem skilgreindar eru í 3. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2 <sup>(1)</sup>.

5. gr.

### **Gögn sem á að leggja fram**

1. Skráð lánshæfismatsfyrirtæki skulu láta Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í té upplýsingarnar sem settar eru fram í 2. og 3. mgr. 2. gr. og gögnin sem sett eru fram í töflum 1–4 í I. viðauka sem og verðstefnur, gjaldskrár, gjaldaáætlanir og verklagsreglur í aðskildum skrá.
2. Skráð lánshæfismatsfyrirtæki skulu láta Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í té gögnin sem sett eru fram í töflum 1 og 2 í II. viðauka fyrir gögn um gjaldtöku um hvert einstakt lánshæfismat sem gefið er út og gjöld sem innheimt eru fyrir lánshæfismöt og hliðarstarfsemi á hvern viðskiptavin í samræmi við 1. mgr. 3. gr.
3. Skráð lánshæfismatsfyrirtæki sem hafa lagt fram lánshæfismöt samkvæmt þeirri aðferð að áskrifandinn eða fjárfestirinn greiði skulu láta Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í té gögnin sem sett eru fram í töflu 1 í III. viðauka fyrir hvern viðskiptavin lánshæfismatsþjónustunnar sem veitt er, í samræmi við 2. mgr. 3. gr.
4. Afhenda skal Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni gögnin, sem tilgreind eru í töflum 1–4 í I. viðauka, töflum 1 og 2 í II. viðauka og töflu 1 í III. viðauka, í aðskildum skrá.

<sup>(1)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2 frá 30. september 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um framsetningu upplýsinganna sem lánshæfismatsfyrirtæki gera aðgengileg Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni (sjá Stjtið. ESB L 2, 6.1.2015, bls. 24).

## 6. gr.

**Fyrsta skýrslugjöf**

1. Hvert skráð lánshæfismatsfyrirtæki skal láta Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í té gögn með því að fylla inn í töflum 1–4 í I. viðauka og í aðskildum skráum fyrir verðstefnur, gjaldskrár, gjaldaáætlanir og verklagsreglur sem hún notar fyrir hverja tegund lánshæfismats sem er virkt í samræmi við 1. mgr. 5. gr., innan 30 daga frá gildistöku þessarar reglugerðar.
2. Afhenda skal Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni fyrstu skýrsluna um gjöld, sem um getur í 2. og 3. mgr. 5. gr., níu mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar og skal hún innihalda gögnin sem safnað hefur verið frá gildistöku þessarar reglugerðar og til og með 30. júní 2015.
3. Leggja skal aðra skýrsluna um gjöld, sem um getur í 2. og 3. mgr. 5. gr., fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina fyrir 31. mars 2016 og skal hún innihalda gögnin sem safnað hefur verið frá 1. júlí 2015 þar til 31. desember 2015.

## 7. gr.

**Áframhaldandi skýrslugjöf**

1. Afhenda skal upplýsingarnar sem veittar eru í samræmi við 5. gr. fyrir 31. mars ár hvert með fyrirvara um fyrstu skýrslugjafarkröfuna sem sett er fram í 6. gr., og skulu þær innihalda gögn og verðstefnur, gjaldskrár, gjaldaáætlun og verklagsreglur sem varða næstliðið almanaksár.
2. Með fyrirvara um fyrstu málsgrein skal tilkynna efnislegar breytingar á verðstefnum, gjaldskráum, gjaldaáætlunum og verklagsreglum til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar á áframhaldandi grundvelli án ótilhlýðilegrar tafar eftir samþykkt þeirra og eigi síðar en 30 dögum frá framkvæmd þeirra.
3. Skráð lánshæfismatsfyrirtæki skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni án tafar um hvers konar sérstakar aðstæður sem geta tímabundið komið í veg fyrir eða tafið skýrslugjöf í samræmi við þessa reglugerð.

## 8. gr.

**Tilhögun skýrslugjafar**

1. Skráð lánshæfismatsfyrirtæki skulu leggja fram gagnaskrár í samræmi við tæknileg fyrirmæli sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leggur fram og nota tilkynningakerfi stofnunarinnar.
2. Skráð lánshæfismatsfyrirtæki skulu geyma gagnaskrárnar sem sendar eru til og móttækjar af Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni skv. 5. gr. og einnig skrár um frávik sem um getur í 3. mgr. 3. gr. á rafrænu formi í 5 ár hið minnsta. Gera skal skrár þessar aðgengilegar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni óski hún eftir því.
3. Þegar skráð lánshæfismatsfyrirtæki greinir staðreyndarvillur í gögnunum sem búið er að skila inn skal það tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni það án ótilhlýðilegrar tafar og leiðréttá viðeigandi gögn í samræmi við tæknileg fyrirmæli sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin veitir.

## 9. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. september 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti*

## I. VIÐAUKI

Tafla 1

## Skýrslugjöf um verðstefnur á hvern gildandi matsflokk og síðari efnislegar uppfærslur

Nr.	Heiti reits	Lýsing	Gerð	Staðall
1	Auðkenni lánshæfismatsfyrirtækis	Kóði sem notaður er til að auðkenna skýrslugefandi lánshæfismatsfyrirtæki. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin lætur hann í té við skráningu.	Skyldubundið	
2	Gildissvið lánshæfismatsfyrirtækis	Auðkenning lánshæfismatsfyrirtækjanna sem beita verðstefnu.	Skyldubundið	ISO 17442
3	Auðkenni verðstefnu	Sérstakt auðkenni verðstefnu sem viðhalda skal. Allar breytingar, aðrar en varðandi umfang matstegunda sem verðstefnan nær yfir, ættu að viðhalda sama sérstaka auðkenningu. Breytingar á umfanginu krefst nýs auðkennis fyrir verðstefnu.	Skyldubundið	Auðkenni verðstefnu á formi „PP_[innra auðkenni verðstefnu]“
4	Gildistökdagur verðstefnu	Dagsetningin þegar verðstefnan tekur gildi.	Skyldubundið	ISO 8601 dagsetningarform (ÁÁÁÁ-MM-DD)
5	Lokadagsetning verðstefnu	Lokadagur verðstefnu.	Skyldubundið	ISO 8601 dagsetningarsnið (ÁÁÁÁ-MM-DD) eða 9999-01-01.
6	Vísbending um tegund	Vísbending um hvort verðstefnan tengist þeirri aðferð að áskrifandinn greiði eða þeirri aðferð að fjárfestirinn greiði. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur skilning á að lánshæfismatsfyrirtækin geta stundað rekstur samkvæmt fleiri en einni aðferð og því er mögulegt að verðstefna geti verið notuð fyrir báðar tegundir aðferða. Í slíkum málum geta bæði I og S verið valin.	Skyldubundið	— „I“ fyrir aðferðina að útgefandinn greiði og/eða — „S“ fyrir aðferðina að fjárfestirinn eða áskrifandinn greiði
7	Gildissvið verðstefnu	Lýsing tegundar mats eða hliðarstarfsemi sem felst í verðstefnu eða fellur undir hana.	Skyldubundið	Vísbending um hvort verðstefna gildir um eitt eða fleira af eftirfarandi: — „Alla“, — „C“ fyrir mat á fyrirtækjum (að undanskildum sértrygðum skuldabréfum),

Nr.	Heiti reits	Lýsing	Gerð	Staðall
				<ul style="list-style-type: none"> <li>— „S“ fyrir lánsþæfismöt ríkis eða hins opinbera,</li> <li>— „T“ fyrir mót á samsettri fjármögnun,</li> <li>— „B“ fyrir mót á sértryggtum skuldabréfum,</li> <li>— „O“ fyrir aðrar tegundir af mótum,</li> <li>— „A“ fyrir hliðarstarfsemi.</li> </ul>
8	Atvinnugreinastarfsþáttur verðstefnu	Þegar skýrsla sem lögð er fram um mat á fyrirtækjum skal tilgreina hvort verðstefnan gildir um mót innan eins af eftirfarandi atvinnugreinastarfsþáttum: i. á fjárhagslegu sviði, ii. á tryggingasviði, iii. önnur fyrirtæki.	Skyldubundið  Gildir aðeins ef „C“ í reit 7 er „Gildissvið verðstefnu“	Vísibending um hvort verðstefnan gildir um eitt eða fleira af eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> <li>— „Alla“,</li> <li>— FI — fyrir fjármálastofnanir, þ.m.t. banka, miðlara og söluaðila,</li> <li>— IN — fyrir fyrirtæki á tryggingasviði,</li> <li>— CO — fyrir fyrirtæki sem eru útgefendur og tilheyra hvorki FI- né IN-flokkunum.</li> </ul>
9	Eignaflokkur verðstefnu	Þegar skýrsla sem lögð er fram um mót á samsettri fjármögnun skal tilgreina hvort verðstefnan gildir um mót innan eins af eftirfarandi þáttum: i. RMBS, ii. ABS, iii. CMBS, iv. CDO, v. ABCP, vi. aðrir.	Skyldubundið  Gildir aðeins ef „T“ í reit 7 er „Gildissvið verðstefnu“	Vísibending um hvort verðlagsstefnan gildir um eitt eða fleira af eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> <li>— „Alla“,</li> <li>— „Verðbréf, tryggt með fasteignaveði í íbúðarhúsnæði“ (e. RMBS) fyrir RMBS-möt</li> <li>— „Eignavarin verðbréf“ (ABS) fyrir ABS-möt,</li> <li>— „Verðbréf, tryggt með fasteignaveði í atvinnuhúsnæði“ (CMBS) fyrir CMBS-möt,</li> <li>— „Skuldavafningar“ (CDO) fyrir CDO-möt,</li> <li>— „Eignavarin viðskiptabréf“ (ABCP) fyrir ABCP-möt,</li> <li>— „OTH“ fyrir önnur mót.</li> </ul>
10	Geiri	Þegar skýrsla sem lögð er fram um lánsþæfismöt ríkis eða hins opinbera skal tilgreina hvort verðlagsstefnan gildir um mót innan eins af eftirfarandi þáttum: i. Hæfismat ríkja, ii. hæfismat svæða- eða staðbundinna yfirvalda, iii. hæfismat yfirþjóðlegra stofnana (annarra en alþjóðlegra fjármálastofnana), iv. opinberir aðilar, v. alþjóðlegar fjármálastofnanir.	Skyldubundið  Gildir aðeins ef „S“ í reit 7 er „Gildissvið verðstefnu“	Vísibending um hvort verðstefnan gildir um eitt eða fleiri af eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> <li>— „Alla“,</li> <li>— „SV“ — hæfismat ríkja,</li> <li>— „SM“ — lánsþæfismat svæðis- og staðbundinna yfirvalda,</li> <li>— „SO“ — lánsþæfismat yfirþjóðlegra stofnana annarra en „IF“,</li> <li>— „PE“ — lánsþæfismat opinberra aðila,</li> </ul>

Nr.	Heiti reits	Lýsing	Gerð	Staðall
				— „IF“ — alþjóðlegar fjármálastofnanir.
11	Fyrri verðstefna	Auðkenning á fyrri verðstefnu sem núverandi stefna leysir af hólmi.	Skyldubundið Gildir ef núverandi verðstefna breytir gildissviði fyrri verðstefnu	Auðkenni verðstefnu á formi „PP_[innra auðkenni verðstefnu]“
12	Skráarnafn verðstefnu	Skráarnafn verðstefnu. Skal tilkynna á zip-formi	Skyldubundið	

Tafla 2

## Skýrslugjöf um gjaldskrár fyrir hvern gildandi matsflokk og síðari efnislegar uppfærslur

Nr.	Heiti reits	Lýsing	Gerð	Staðall
1	Auðkenni lánshæfismatsfyrirtækis	Kóði sem notaður er til að auðkenna skýrslugefandi lánshæfismatsfyrirtæki Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin lætur hann í té við skráningu.	Skyldubundið	
2	Gildissvið lánshæfismatsfyrirtækis	Auðkenning lánshæfismatsfyrirtækisins sem notar gjaldskrána.	Skyldubundið	ISO 17442
3	Auðkenni gjaldskrár	Einkvæmt auðkenni gjaldskrár sem halda skal til lengri tíma. Allar breytingar, aðrar en varðandi umfang matstegunda sem gjaldskrá nær yfir, ættu að halda sama einkvæma auðkenninu. Breytingar á gildissviðinu kalla á nýtt auðkenni gjaldskrár.	Skyldubundið	Auðkenni gjaldskrár á formi „FS_[innra auðkenni gjaldskrár]“
4	Auðkenni verðstefnu	Auðkenni verðstefnu sem á að framfylgja með gjaldskrá. Auðkenni þessarar verðstefnu verður að samræmast auðkennunum sem sett eru fram í töflu 1 í I. viðauka.	Skyldubundið	Auðkenni verðstefnu á formi „PP_[innra auðkenni verðstefnu]“



Nr.	Heiti reits	Lýsing	Gerð	Staðall
5	Gildistöku dagur gjaldskrár	Dagsetningin þegar gjaldskrá tekur gildi.	Skyldubundið	ISO 8601 dagsetningarform (ÁÁÁÁ-MM-DD)
6	Lokadagsetning gjaldskrár	Lokadagur gjaldskrár.	Skyldubundið	ISO 8601 dagsetningarform (ÁÁÁÁ-MM-DD) eða 9999-01-01.
7	Vísbending um tegund	Vísbending um hvort gjaldskrá tengist þeirri aðferð að útgefandinn greiði eða fjárfestirinn greiði.	Skyldubundið	— „I“ fyrir aðferðina að útgefandinn greiði, — „S“ fyrir aðferðina að fjárfestirinn eða áskrifandinn greiði.
8	Tegundir mats sem gjaldskráin tekur til	Lýsing á tegund mats eða hliðarstarfsemi sem fellur undir gjaldskrá.	Skyldubundið	Vísbending um hvort gjaldskrá gildir um eitt eða fleira af eftirfarandi: — „Alla“, — „C“ fyrir mat á fyrirtækjum (að undanskildum sértrygðum skuldabréfum), — „S“ fyrir lánsþæfismöt ríkis eða hins opinbera, — „T“ fyrir mót á samsettri fjármögnun, — „B“ fyrir mót á sértrygðum skuldabréfum, — „O“ fyrir aðrar tegundir af þæfismötum, — „A“ fyrir hliðarstarfsemi.
9	Atvinnugreinastarfsþáttur gjaldskrár	Þegar skýrsla sem lögð er fram um þæfismat á fyrirtækjum skal tilgreina hvort gjaldskráin gildir um þæfismöt innan eins af eftirfarandi atvinnugreinastarfsþáttum: i. á fjárhagslegu sviði, ii. á tryggingasviði, iii. önnur fyrirtæki.	Skyldubundið.  Gildir aðeins ef „C“ í reit 8 er „Tegundir mats sem gjaldskráin tekur til“	Vísbending um hvort gjaldskrá gildir um eitt eða fleira af eftirfarandi: — „Alla“ — „FI“ — fyrir fjármálastofnanir, þ.m.t. banka, miðlara og söluaðila, — „IN“ — fyrir fyrirtæki á tryggingasviði, — „CO“ — fyrir fyrirtæki sem eru útgefendur og tilheyra hvorki FI- né IN-flokkunum.
10	Eignaflokkur gjaldskrár	Þegar skýrsla sem lögð er fram um mót á samsettri fjármögnun skal tilgreina hvort gjaldskráin gildir um mót innan eins af eftirfarandi þáttum: i. RMBS, ii. ABS, iii. CMBS, iv. CDO, v. ABCP, vi. aðrir.	Skyldubundið.  Gildir aðeins ef „T“ í reit 8 er „Tegundir mats sem gjaldskráin tekur til“	Vísbending um hvort gjaldskráin gildir um eitt eða fleira af eftirfarandi: — „Alla“, — „Verðbréf, tryggð með fasteignaveði í íbúðarhúsnæði“ (RMBS) fyrir RMBS-þæfismöt — „Eignavarín verðbréf“ (e. ABS) fyrir ABS-þæfismöt, — „Verðbréf, tryggð með fasteignaveði í atvinnuhúsnæði“ (CMBS) fyrir CMBS-þæfismöt,

Nr.	Heiti reits	Lýsing	Gerð	Staðall
				<ul style="list-style-type: none"> <li>— „Skuldavafningar“ (CDO) fyrir CDO-hæfismöt,</li> <li>— „Eignavarin viðskiptabréf“ (ABCP) fyrir ABCP-hæfismöt,</li> <li>— „OTH“ fyrir önnur hæfismöt.</li> </ul>
